

Áframhaldandi opnun Gömlubúðar

Í mars síðastliðnum veitti bæjarráð fjárheimild til aukins opnunartímar í Gömlubúð til reynslu út október 2025. Óskað er nú eftir áframhaldandi fjármagni.

Starfsemi í Gömlubúð í sumar

Á þessu ári hefur Menningarmiðstöðin lagt sig fram að glæða lífi í Gömlubúð á ný og tveir verkefnastjórar voru í vor ráðnir til starfa með aðsetur í húsinu. Verkefnastjóri ferðamála, sem jafnframt stýrir upplýsingamiðstöð ferðamanna, og verkefnastjóri markaðsmála og viðburða. Fyrirséðar eru mannabreytingar á Byggðarsafni MMH og mun nýr starfsmaður safnsins einni hafa aðsetur í Gömlubúð. Saman mynda þessir þrír starfsmenn teymi um starfsemi í húsinu og hefur starfið í sumar farið fram úr öllum væntingum.

Hornfirskt tónlistarfólk tók fagnandi tækifærinu að koma fram í Gömlubúð og skipulögðu í samstarfi við MMH tónleikaröð fyrir íbúa og gesti. Haldnir hafa verið vikulegir frír tónleikar frá opnun Gömlubúðar 1. júní og til 17. september, að þeirra frumkvæði. Aðsóknin hefur verið vonum framar og að jafnaði mættu milli 30-60 gestir til að hlýða á, flestir voru gestirnir nær 100 á stökum viðburðum. Einnig hafa aðrir listamenn óskað eftir að fá að spila í Gömlubúð. Hljómsveit Óskar Guðjónsson, MOVE, hélt hér tónleika í júlí og Ellen Kristjánsdóttir og Eypór Gunnarsson héldu tónleika í september.

Rými Gömlubúðar hafa einnig verið nýtt af sveitarfélaginu og samfélagi fyrir ýmiskonar viðburði, fundi, kynningar og listsköpun. Sjö stakir viðburðir voru haldnir í sumar og aðrir sjö á dagskrá nú í september svo fyrirséð er að veturinn er ekki síðri vettvangur fyrir starfsemi í Gömlubúð en sumarið.

Sýningar í húsinu í sumar voru eftirfarandi:

- Saga hússins, frá þjóðgarðinum (þarfnast uppfærslu).
- Valdir munir byggðasafnsins til sýnis (fyrst tengt sjávarútvegi, nú tengt uppbyggingu og verslun í Gömlubúð)
- Teikningar Auguste Mayer úr sveitarfélaginu Hornafirði frá 1836
- Eldur, ís og mjúkur mosi. Listaverk Hornfirskra barna unnið í samstarfi við Vatnajökulspjóðgarð, Náttúrufræðistofnun, skóla og listamenn.
- Videoverk af náttúru Vatnajökulspjóðgarðs eftir Þorstein Roy, fengið að láni frá þjóðgarðinum
- Videoverk, „meet the locals“ eftir Þorstein Roy, fengið að láni frá Ríki Vatnajökuls

Byggðarsafn í Gömlubúð

Gamlabúð gengdi lykilhlutverki í uppbyggingu þéttbýlis á Höfn og er því dýrmætur vettvangur frásagna um uppbyggingu Sveitarfélagsins og mannlífs á svæðinu. Nú liggja fyrir mannabreytingar á byggðasafni og mun nýr starfsmaður safnsins hafa enn meiri áherslu á uppsetningu sýninga og miðlun sögu og minja en áður var. Síðastliðið vor hlaut MMH styrk úr Kvískerjasjóði til að setja upp sýningu í Gömlubúð um fjölskylduna á Kvískerjum sem í senn verður byggðasaga sveitarfélagsins, sýningin mun opna í mars 2027. Þangað til og meðfram þeirri sýningu mun byggðasafnið leggja áherslu á fjölbreyttar sýningar sem laða að jafnt íbúa og gesti. Auka má á samvinnu og samtal við samfélagið, skólahópa og aðra fjölbreytta fræðslu. Mikil vaxtartækifæri eru í Gömlubúð fyrir Byggðasafnið og MMH sem heild.

Opnunartími og vaktir

Frá 1. júní hefur Gamlabúð verið opin alla daga kl. 14-20 og verður áfram út október. Ákvörðun um opnunartíma var tekin eftir að ferðamannahandbækur voru gefnar út fyrir sumarið 2025, markaðssetning Gömlubúðar var því fyrst og fremst á samfélagsmiðlum og svæðisbundnum miðlum. Mikilvægt er að samfella sé í opnun og að íbúar, gestir og ferðaþjónustuaðilar geti gengið að því vísu að þjónusta okkar sé þeim aðgengileg.

Gestatölur sýna að aukning gestkomu milli sumarsins 2024 og 2025 er nú yfir 250%.

	2023	2024	2025	% '24- '25
Júní		1016 (51)	2619 (84)	~258% (165%)
Júlí	1043 (58)	1605 (70)	3729 (120)	~232% (171%)
Ágúst	959 (85)	960 (46)	2741 (105)	~286% (228%)

Mánaðarlegar gestakomur í Gömlubúð sumarmánuði árin 2023, 2024 og 2025 og hækkun milli ára '24 og '25. Tölurnar sýna heildarfjöldi gesta (meðaltal á hvern opinn dag).

Á skrifstofutíma sinn verkefnastjórar í Gömlubúð gestum en þrír starfsmenn hafa starfað á vöktum í Gömlubúð í sumar í samtals 100% starfi. Vaktir þeirra eru mánudaga-fimmtudaga kl.16-20 og föstudaga-sunnudaga kl.14-20. Þessir starfsmenn voru ráðnir tímabundið út október þegar fjármagn fékkst til reynslu um aukinn opnunartíma. Nú er sá reynslutími að renna sitt skeið og óska ég því eftir áframhaldandi fjárveitingu í þetta mikilvæga samfélagslega verkefni.

Kostnaður sveitarfélagsins

Kostnaður þess að hafa opnunartíma Gömlubúðar alla daga kl. 14-20 er eingöngu laun og launatengd gjöld fyrir eitt stöðugildi með kvöld- og helgarálagi. Samkvæmt launaáætlun 2026 mun kostnaður við núverandi starfsemi vera tæplega 11,8 mkr auk nauðsynlegra sumarafleysinga upp á 2mkr. Samtals tæpar 13,8 mkr.

Annar kostnaður vegna reksturs Gömlubúðar er að mestu fastur og hækkar ekki vegna aukinnar þjónustu við íbúa og gesti.

Framhaldið

Eins og sjá má á gestafjölda, starfsemi, áhuga samfélagsins og vaxtartækifærum Menningarmiðstöðvarinnar eru allar forsendur fyrir því að halda áfram því sem lagt hefur verið upp með, að veita aðgengilega og góða þjónustu fyrir íbúa og gesti á þeim tíma sem hentar fjöldanum. Því óska ég eftir áframhaldandi fjármagni til fastráðningar starfsmanna í kvöld- og helgarstörf í Gömlubúð. Til vara óska ég eftir fjármagni til eins árs í viðbót og þá er hægt að taka stöðuna um gengi Gömlubúðar að ári, með reynslu tveggja ára og eins vetrar til viðmiðunar.

Einnig má nefna að þeir verkefnastjórar sem aðsetur hafa í Gömlubúð hafa á sínum stutta starfstíma tekið að sér stór verkefni fyrir sveitarfélagið og fyrirséð að talsvert vinnutap hlýst af því að missa vaktarstarfsfólk sem tekur þungann af gestakomum í húsið.

Kristín Vala Þrastardóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar
19. september 2025